



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við opnun sýningarinnar
Ísland og umheimurinn
Þjóðminjasafni Íslands
24. nóvember 2016**

Fræg eru þau ummæli Ara fróða í Íslendingabók að söguna hafi hann skráð til að svara þeim ásökunum að íbúar landsins væru komnir „af þrælum og illmennum“. Á seinni öldum og fram á okkar daga hafa fornar sögur okkar Íslendinga – verk Ara þar með talin – verið hafðar til marks um að hér hafi búið einstök norræn menningarþjóð sem skapaði einstök verðmæti, einstakar bókmenntir. Ekki skal hér dregið úr gildi þessa arfs okkar en hinu er sjálfsagt að halda til haga að hann spratt ekki upp í einangrun, óháður erlendum menningarstraumum. Í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga gætti þess stundum að minna væri gert úr þeim áhrifum en efni standa til. Það ætti að vera löngu liðin tíð. Afrekin verða ekki minni þótt á það sé bent að rætur þeirra liggja víða í fjölpætri menningu evrópskra miðalda. Að sama skapi hafa erfðafræðingar og fornleifafræðingar sannað með rannsóknum sínum að fjölmargir þeirra sem hér settust að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar voru af keltnesku bergi brotnir, einkum konurnar.

Áfram bárust hin erlendu áhrif. Fyrstu aldirnar eftir að íslenskir höfðingjar gengu

engu Noregskonungi á hönd efdust á ný samskipti við útlendinga. Gjarnan er sagt að þá hafi gengið í garð norska öldin, þá sú enska og loks þýska öldin – og þá er einkum tekið mið af hinni erlendu verslun. Að utan bárust textar, hugmyndir, tækni og munir sem breyttu samfélaginu. Þannig varð hér bylting á sviði samgangna þegar Englendingar hófu siglingar hingað og seldu landsmönnum skeifur á hesta. Eftir því hefur líka verið tekið að á síðmiðöldum var mikið flutt hingað af gersemum frá helstu listamiðstöðvum Evrópu. Má þar nefna líkneski, silfurmuni, útsaum og klæðnað.

Ekki þóttu öll áhrif að utan til góðs. Því miður geymir sagan mörg dæmi um fordóma og ótta í garð útlendinga hér á landi. Skemmst er að minnast nýrrar kvikmyndar um Baskavígin árið 1615, eitt mesta fjöldamorð Íslandssögunnar. Og hvað með erlend áhrif á tungu og menningu? Snemma á sautjándu öld kvartaði Arngrímur lærði undan erlendum slettum í íslensku máli, svo kom Rasmus Kristján Rask með sín frægu viðvörðunarorð um endalok íslenskunnar.

Um þær mundir var þess skammt að bíða að kyrrestaða hins íslenska bændasamfélags yrði rofin. Því réðu aukin tengsl við umheiminn. Þúsundum saman gerðust Íslendingar innflytjendur í Vesturheimi og létu þar margir gott af sér leiða. Með erlendu áhættufé í sjávarútvegi hófst togaraöldin, siglingar og verslun færðist á íslenskar hendur, þjóðin varð fullvalda og sjálfstæð en tengdist útlöndum um leið sterkari böndum en áður. Saman skópu sjálfstæði og erlend samskipti það velferðarríki sem hér varð til á nýliðinni öld.

Miklu skiptir að við lærum af sögunni. Ofstæki er og hefur verið eitt mesta böll mannkyns. Verst er sú kredda ofbeldisafla að berjast skuli með oddi og egg gegn þeim sem játa ekki þeirra trú, tilheyra ekki þeirra þjóð. Í stríði við slíkar öfgar eru engar málamiðlanir. Um leið þurfum við að halda á lofti þeim sannindum að með samvinnu, umburðarlyndi og víðsýni sköpum við betra og ríkara samfélag. Fyrir nokkrum árum og áratugum var alþjóðavæðing lausnarorð heimsins. Núna fjölgar þeim sem tortryggja aukin samskipti, minnkandi hömlur á flæði fólks, fjár og hugmynda um heiminn allan. Fullyrt er, jafnvel frá valdastólum, að þeir sem aðhyllist ólík trúarbrögð geti ekki búið saman í sátt og samlyndi. Látið er að því liggja að best fari á því að hver þjóð hyggi að sínu.

Þeir sem halda þessu fram vitna gjarnan í fortíðina, horfa til þeirrar gullaldar þegar allt lék í lyndi, þjóðin var samhuga, einsleit og sjálfráða. En slík fortíðarþrá er á misskilningi byggð. Þess vegna ber að þakka þá sýningu sem hér hefur verið sett upp í samvinnu Þjóðminjasafnsins og Háskóla Íslands. Við þurfum að kynna okkur söguna frá ólíkum sjónarhólum án þess að ríkjandi hagsmunir samtímans ráði för. Og aldrei er hægt að setja fram hina eina réttu söguskoðun því að hún er ekki til. Afbyggjum ekki eina goðsögn með því að smíða aðra. Höfum til dæmis í huga Arafræði Þórarins Eldjárns um sannleika og það sem sannara reynist:

En Ari hann var ekki öldungis geldur
og aðferðin þróaðist hratt:

– það sem sannara reynist það höfum við heldur
ef hvorugt er satt.